STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1979

Nr. 315 612 16. júlí 1979.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar árið 1979.

1. gr.

Til 20. ágúst 1979 er íslenskum skipum óheimilt að stunda loðnuveiðar. Tekur bann þetta bæði til loðnuveiða innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Auk aflatilkynninga til loðnunefndar skulu skipstjórar tilkynna hversu mikill hluti aflans fékkst utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

3. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

4. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipa í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

5. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðu, sbr. 3. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eða ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 110 15. mars 1979, um bann við loðnuveiðum 1979.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

27. júlí 1979. Nr. 316

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 195/1978, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín ..	kr. 1 100	1 300	1 800	2 200
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	kr. 1 250	1 500	2 000	2 500
3. Íslenskar áfengistegundir	kr. 3 050		5 770	
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	kr. 4 750	5 700	8 020	9 800

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	kr. 5 500	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	kr. 4 800	pr. karton
3. Smávindlar	kr. 700	pr. 10 stk.
Meðalstærð	kr. 3 600	pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	kr. 4 800	pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 318 12. september 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1979.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 315—316. Útgáfudagur 2. ágúst 1979.

B 76